

Zeitschrift: Beiträge zur nordischen Philologie
Herausgeber: Schweizerische Gesellschaft für Skandinavische Studien
Band: 59 (2017)

Artikel: Ormur ber heyið eða ...
Autor: Gunnlaugsson, Guðvarður Már
DOI: <https://doi.org/10.5169/seals-858074>

Nutzungsbedingungen

Die ETH-Bibliothek ist die Anbieterin der digitalisierten Zeitschriften auf E-Periodica. Sie besitzt keine Urheberrechte an den Zeitschriften und ist nicht verantwortlich für deren Inhalte. Die Rechte liegen in der Regel bei den Herausgebern beziehungsweise den externen Rechteinhabern. Das Veröffentlichen von Bildern in Print- und Online-Publikationen sowie auf Social Media-Kanälen oder Webseiten ist nur mit vorheriger Genehmigung der Rechteinhaber erlaubt. [Mehr erfahren](#)

Conditions d'utilisation

L'ETH Library est le fournisseur des revues numérisées. Elle ne détient aucun droit d'auteur sur les revues et n'est pas responsable de leur contenu. En règle générale, les droits sont détenus par les éditeurs ou les détenteurs de droits externes. La reproduction d'images dans des publications imprimées ou en ligne ainsi que sur des canaux de médias sociaux ou des sites web n'est autorisée qu'avec l'accord préalable des détenteurs des droits. [En savoir plus](#)

Terms of use

The ETH Library is the provider of the digitised journals. It does not own any copyrights to the journals and is not responsible for their content. The rights usually lie with the publishers or the external rights holders. Publishing images in print and online publications, as well as on social media channels or websites, is only permitted with the prior consent of the rights holders. [Find out more](#)

Download PDF: 04.04.2026

ETH-Bibliothek Zürich, E-Periodica, <https://www.e-periodica.ch>

Ormur ber heyið eða ...

GUÐVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON (REYKJAVÍK)

Á blaði 69v í Flateyjarbók (GkS 1005 fol.) er upphafsstafurinn <h> (*uncial* 'h'). Hann er í vinstri dálki og er háleggurinn fyrir utan textaflötinn en inn hafa verið dregnar fimm línur af texta til að koma belgnum á *h*-inu fyrir. Inni í honum er mynd af framhlið húss með háu risi, tveimur turnum og járnslegnum dyrum. Stefán Karlsson vakti einhverju sinni athygli á að hún væri lík byggingu á innsigli Þingeyraklausturs frá árinu 1424 (*Sigilla Islandica I, ÁM 217 8vo*).¹ Hægra megin við kvistinn á *h*-inu er krýnd vera með mannshöfuð sem líkist að öðru leyti framparti á ljóni. Vinstra megin við hálegginn úti á spássíunni kemur karl gangandi. Hann er álútur vegna þess að hann ber stóran kassa á bakinu; kassinn er ferningslaga og um hann er slegið krossbandi.

Umrætt *h* er í upphafi Orms þáttar Stórolfssonar sem hefst með eftirfarandi fyrir-sögn: *her er þætr orms stórolf sunar*.² Hann fjallar um afrek og aflraunir Orms sem flest voru unnin í útlöndum, en áður en hann fór utan er hins vegar sagt frá því að þegar hann var átján vetra gerði jarðbönn svo að Stórolfur faðir hans þóttist sjá að hann yrði heylaus og yrði að fella fénað sinn. Ekki var gott að afla heyja því að allir bændur í byggðinni voru í sömu vandræðum nema Dufþakur í Dufþaksholti. Þangað vildi Stórolfur síður leita því að þá var fátt með þeim. Að endingu sendi Stórolfur Orm á fund Dufþaks að fala af honum hey. Dufþakur var tregur en þó fór svo að hann sagði að hann skyldi hafa byrði sína ef hann vildi og benti honum á tvo heykleggja og sagði honum að taka af þeim minni. Ormur fór fyrst heim til að sækja reipi eða eins og segir í þættinum:

Snýr Ormr þá í brottu ... ok tekr reip á tíu hesta ok leysir af hagldir, kastar þá saman bæði at lengd ok digrð, svá at hann gerir ór eitt, gengr síðan yfir í Holt ok at heygarðinum ok brýtr á hlið, gengr inn í garðinn ok at inum meira heykleggjanum ok ryðr af ofan torfi ok því, sem verst var orðit. Síðan styðr hann á höndum ok losar til heyit niðri við jörðina, dregr síðan undir reipin ok bregðr í hagldirnar ok vendir um heyinu; færir hann þá undir í fatla ok vegr upp á herðar sér. En þat segja sumir menn, at hann hafir haft inn minna kleggja í fyrir. Gekk hann með þetta heim til Stórolfshváls. ... Var þá inn borit í hlöðu, ok var hon þá full. Dugði þetta hey svá vel fénaði Stórolfs bónda, at hann felldi ekki um vart.
(Orms þátr, 402)

¹ Ég þakka Guðbjörgu Kristjánsdóttur fyrir vitneskjuna um skoðun Stefáns.

² Orms þáttur í Flateyjarbók (bl. 69va-71rb) er hluti af Ólafs sögu Tryggvasonar hinnar mestu sem nær frá bl. 5va aftur á bl. 78rb.



Manuscript GkS 1005 fol., 69v (© Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ljós.: Jóhanna Ólafsdóttir)

Í 8. kafla þáttarins segir: *Þat segja menn, at Ormr væri prímsigndr í Danmörku, en hafi kristnast á Íslandi (Orms þátt, 415)*. Stuttu síðar segir frá bardaga Orms við kettu eina í helli í minni Sauðey á Mæri. Kettan náði yfirhöndinni og finnur hann þá *at honum mun eigi veita, heitr þá á sjálfan guð ok inn heilaga Petrum postula at ganga til Róms, ef hann ynni kettuna ok Brúsa, son hennar (Orms þátt, 417)*. Þarf vart að taka fram að Ormur vann bæði og efndi heit sitt: *At sumri bjóst Ormr til Rómferðar, ok tókst sú ferð vel; kom sunnan til Danmerkr um haustit eptir Svöldrarorrostu (Orms þátt, 418)*.

Sú hugmynd hefur komið upp að byrði mannsins á myndinni gæti verið borð og að maðurinn væri skrifarinn og lýsandinn Magnús Þórhallsson sem skrifaði hálfu Flateyjarbók og lýsti hana (næstum) alla. Myndin sýndi Magnús koma að Þingeyrum með skrifpúlt og/eða annan farangur á bakinu og væri sjálfsmynd, en húsið inni í stafnum ætti að sýna klaustrið (sbr. innsigli þess frá árinu 1424). En þegar betur er að gáð líkist byrði mannsins ekki skrifpúlti og því óljóst hvað Magnús ætti að vera með á bakinu.

Thomas A. DuBois segir á hinn bóginn fullum fetum að maðurinn á myndinni eigi að vera Ormur Stórolfsson með heybagga og að húsið inni í stafnum sé dómkirkja. Kirkjan eigi að tákna Róm eða pilgrímsferð Orms þangað: “the main character’s eventual pilgrimage to Rome is visually predicted in a centrally placed depiction of a romanesque cathedral” (DuBois, 2004: 47). Reyndar er enginn kross á húsinu svo að það er engin sérstök ástæða til að telja að það eigi að vera kirkja.

Elizabeth Ashman Rowe telur einnig að maðurinn á myndinni eigi að vera Ormur, en hún álítur að hann sé á leið til Róms (eða frá Róm) með mal sinn og bætir við: “the size of the pack may indicate Ormr’s great strength” (Ashman Rowe, 2005: 367). Vissulega er hugsanlegt að kassaleg byrði mannsins eigi að vera malur, en ef svo er, er hann óvenjulegur í laginu og mjög stór eins og Rowe nefnir; einnig vantar manninn pilgrímsstaf. Rowe segir einnig að inni í stafnum sé hús með tveimur turnum án þess að fara nánar út í það, en ætla má út frá orðum hennar að hún telji að það eigi að vera hús í Róm eða borgarhlið þar: “This [þ.e. myndin] presumably depicts Ormr on or returning from his pilgrimage to Rome” (Ashman Rowe, 2005: 367). Stefan Drechsler tekur ekki afstöðu til hugmynda DuBoiss og Rowes um að myndin sýni Orm (Drechsler, 2016: 225).

Sverrir Tómasson heldur því fram að húsið á myndinni sé mjög líkt húsinu á fyrrnefndu innsigli Þingeyraklausturs (Sverrir Tómasson, 2007: 1034; Sverrir Tómasson, 2009: 19-20). Ef það er rétt að innsiglið hafi verið fyrirmynd þessarar myndar, eru það rök fyrir því að Flateyjarbók hafi verið skrifuð í klaustrinu.³ Við þessi orð er það að athuga að líkindi hússins á myndinni við innsigli klaustursins eru ekki mikil.

Byrðin á baki mannsins er það mikil að það er auðvelt að ímynda sér að Magnús Þórhallsson hafi haft heybagga í huga og reyndar er byrðin mun líkari heybagga en mal. Húsið inni stafnum ætti þá að vera Stórolfshvoll, en þá verður að gera ráð fyrir

³ Eða klausturhúsin hafi verið fyrirmynd myndarinnar (og innsiglisins).

Því að Magnús hafi talið að það hefðu verið mjög hátimbruð hús á Stórólfsholi. Myndin ætti að sýna Orm berandi heyið heim í Stórólfshol!⁴

Því miður skýra Thomas A. DuBois og Elizabeth Ashman Rowe ekki tilvist krýndu verunnar, sem þau kalla *gryllus*. Rowe bendir þó á að “four-legged beasts and the two-legged monsters with animal bodies and animal or human heads known as *grylli* appear frequently” í Flateyjarbók (Ashman Rowe, 2005: 354), og Stefan Drechsler segir: “Auf der anderen Seite der Initiale ist ein gekrönter Gryllus zu sehen, welcher nicht historisch gedeutet werden kann” (Drechsler, 2016: 225).

Gryllusinn verður ekki skýrður að þessu sinni og e.t.v. tengist hann manningnum með byrðina og húsinu ekki neitt og í framhaldi af því mætti spyrja hvort maðurinn og húsið sé hluti sömu myndar. E.t.v. sýnir upphafsstafurinn tvö atriði úr lífi Orms, þ.e. heyflutninginn og pílgrímsferðina. Byggingin inni í stafnum eigi þá að sýna borgarhlið í Róm. Það er greinilegt að hvoru megin við dyrnar eru súlur með höfði og utan við súlurnar eru veggirnir hlaðnir úr (múr)steini. Turnarnir tveir gætu verið á hliðinu en þeir gætu einnig – ásamt hvelfingunni fyrir miðri mynd – verið á húsum innan við borgarhliðið (og borgarmúrinn).

Heimildir

GkS 1005 fol. (Flateyjarbók).

Ashman Rowe, Elizabeth. 2005. *The Development of Flateyjarbók. Iceland and the Norwegian Dynastic Crisis of 1389*, The Viking Collection: Studies in Northern Civilization, 15 (Odense: University Press of Southern Denmark).

Drechsler, Stefan. 2016. “Ikonographie und Text-Bild-Beziehungen der GKS 1005 fol Flateyjarbók” í *Opuscula*, vol. XIV, ritstj. Britta Olrik Frederiksen. Bibliotheca Arnarnæana, vol. XLVIII (Copenhagen: Museum Tusulanum Press), bls. 215-300.

DuBois, Thomas A. 2004. “A History Seen: The Uses of Illumination in ‘Flateyjarbók’”, *JEGP* 103(1): 1-52.

Orms þáttur Stórólfssonar, útg. Þórhallur Vilmundarson og † Bjarni Vilhjálmsson, 1991. *Íslensk fornrit*, XIII. bindi (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag), bls. 395-421.

Sigilla Islandica I. ÁM 217 8vo, útg. Magnús Már Lárusson og Jónas Kristjánsson, 1965. *Íslensk handrit. Icelandic Manuscripts series in octavo*, vol. I. (Reykjavík: Handritastofnun Íslands).

Sverrir Tómasson. 2007. “Ritdómur um *The Development of Flateyjarbók: Iceland and the Norwegian Dynastic Crisis of 1389* eftir Elizabeth Ashman Rowe”, *Speculum* 82(4): 1033-1034.

Sverrir Tómasson. 2009. “Þingeyrar – stærsta íslenska menningarsetrið á miðöldum“, *Húvetningur*, 28: 7-23.

⁴ Það kemur einnig til greina að myndin eigi að sýna Orm á leið frá Dufþaksholti og að húsið inni í stafnum eigi að standa fyrir þann bæ.